

Reykjavík, 19/4 2000.

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi,
150 Reykjavík.

Heiðraða þingnefnd!

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borizt til umsagnar frv. til lyfjalaga og laga um almannatryggingar 401. mál þessa þings.

Öryrkjabandalagið vill fyrst og fremst veita umsögn um 29. gr. frv. og sem afleiðingu af því 32. gr. þar sem meginefnið er að í stað ákvörðunar heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í greiðslu viðkomandi lyfs þá skuli 5 manna sérskipaðri nefnd falið það hlutverk.

Óhjákvæmilegt hlýtur að teljast að fulltrúi notenda og þá fyrst og fremst þeirra sem eru í beztum og milliliðalausustum tengslum við þá sem þyngst eru haldnir af sjúkdómum og mest þurfa á lyfjum að halda eigi sæti í slíkri nefnd.

Í aðalstjórn Öryrkjabandalagsins sitja 26 fulltrúar ólíkra öryrkja- og sjúklingafélaga sem hafa afar brýnna hagsmuna að gæta og búa yfir þekkingu sem koma mun að miklu gagni í nefnd sem þessari.

Hafa ber í huga að þótt hagsmunir sjúklinga og lækna fari sem betur fer oftast saman, finnast þess dæmi að svo sé alls ekki og sjónarmið sjúklinga séu í sumum tilfellum samrýmanlegri sjónarmiðum fjárveitingavaldsins.

Þetta er það meginsjónarmið sem bandalagið vill koma á framfæri við Alþingi en tekur að öðru leyti ekki afstöðu til hinna faglegu atriða frumvarpsins.

Með vinsemd og virðingu.
F.h. Öryrkjabandalags Íslands

Garðar Sverrisson formaður.

Helgi Seljan framkvæmdastjóri.